

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/118/EB

2007/EES/26/18

frá 5. desember 2003

um breytingu á viðaukunum við tilskipanir ráðsins 76/895/EBE, 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asefat, 2,4-D og paraþíonmetýl (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/895/EBE frá 23. nóvember 1976 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á ávöxtum og matjurtum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2003/60/EB ⁽²⁾, einkum 5. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/62/EB ⁽⁴⁾, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/363/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á matvælum úr dýraríkinu ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2003/60/EB, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum ⁽⁶⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2003/69/EB ⁽⁷⁾, einkum 7. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ⁽⁸⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/84/EB ⁽⁹⁾, einkum f-lið 1. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákveðið var með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/219/EB ⁽¹⁰⁾ og með ákvörðun 2003/166/EB ⁽¹¹⁾, eftir því sem við á, að skrá ekki fyrirleggjandi virku efnin asefat og paraþíonmetýl í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Í þessum ákvörðunum var kveðið á um að ekki væri lengur leyfilegt að nota plöntuvarnarefni, sem innihalda þessi virku efni, í Bandalaginu.
- 2) Til að unnt sé að verða við réttmætum væntingum, sem varða notkun fyrirleggjandi birgða af varnarefnum, er í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í 1. forsendu, kveðið á um aðlögunartímabil og þess vegna skal ákvörðun um hámarksgildi

leifa fyrir efni, sem óheimilt er að nota í Bandalaginu, ekki taka gildi fyrr en að loknu aðlögunartímabilinu fyrir viðkomandi efni.

- 3) Hámarksgildi leifa í Bandalaginu og þau gildi, sem mælt er með í Codex Alimentarius ⁽¹²⁾, eru ákvörðuð og metin með svipuðum aðferðum. Í Codex Alimentarius finnst sjaldan hámarksgildi leifa fyrir asefat og paraþíonmetýl. Tekið var tillit til þessa við ákvörðun hámarksgilda leifa í þessari tilskipun. Hámarksgildi leifa í Codex Alimentarius, sem mælt er með að verði felld niður á næstunni, voru ekki höfð til hliðsjónar. Hámarksgildi leifa, sem byggjast á gildum í Codex Alimentarius og hafa verið metin í ljósi áhættunnar fyrir neytendur, hafa ekki reynst hafa neina áhættu í för með sér.
- 4) Til að tryggja að neytendur njóti nægilegrar verndar gegn váhrifum af völdum leifa, sem stafa af óleyfilegri notkun plöntuvarnarefna, skal setja fyrir viðkomandi samsetningar umræddra vara/varnarefna hámarksgildi leifa sem svara til lægri greiningarmarkna.
- 5) Því er nauðsynlegt að bæta öllum varnarefnaleifum, sem myndast við notkun þessara plöntuvarnarefna, við í viðaukana við tilskipanir 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE svo að hægt sé að hafa fullnægjandi eftirlit með þeim og með banni við notkun þeirra og til að vernda neytendur.
- 6) Hámarksgildi leifa fyrir paraþíonmetýl skal sett í tilskipunum 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE. Ákvæði tilskipunar 76/895/EBE, þar sem hámarksgildi leifa fyrir það efni var ákvarðað, skulu af þeim sökum felld brott.
- 7) Séu engin hámarksgildi leifa til á vettvangi Bandalagsins, hvorki fastsett né sett til bráðabirgða, eins og fyrir 2,4-D á sítrusávöxtum í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/97/EB ⁽¹³⁾ skulu aðildarríkin fastsetja hámarksgildi leifa í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE áður en plöntuvarnarefni, sem innihalda þessi virku efni, eru leyfð. Gögn hafa verið lögð fram af aðildarríki sem sýna fram á að herra hámarksgildi leifa megi ákvarða fyrir sítrustré, sem endurspeglar notkun 2,4-D í sumum þriðju löndum. Gögn hafa verið lögð fram sem sýna að þessar leifar skapi ekki hættu fyrir neytendur í Bandalaginu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB 327, 16.12.2003, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2004, 24. september 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 10.3.2005, bls. 33.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 340, 9.12.1976, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 155, 24.6.2003, bls. 15.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 221, 7.8.1986, bls. 37.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 154, 21.6.2003, bls. 70.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 221, 7.8.1986, bls. 43.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 350, 14.12.1990, bls. 71.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 175, 15.7.2003, bls. 37.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 247, 30.9.2003, bls. 20.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 82, 29.3.2003, bls. 40.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 67, 10.3.2003, bls. 18.

⁽¹²⁾ http://apps.fao.org/CodexSystem/pestdes/pest_q-e.htm.

⁽¹³⁾ Stjtið. EB L 343, 18.12.2002, bls. 23.

- 8) Því ber að breyta viðeigandi viðaukum við tilskipanir 76/895/EBE, 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE til samræmis við þetta.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Fella skal brott færslurnar varðandi paraþíonmetýl í II. viðauka við tilskipun 76/895/EBE.

2. gr.

Eftirfarandi línur bætist við í A-hluta II. viðauka við tilskipun 86/362/EBE:

Varnarefnaleif	Hámarksgildi í mg/kg
„Asefat	0,02 (*) kornvörur
Paraþíonmetýl (summan af paraþíonmetýl og para-oxon-metýl gefið upp sem paraþíonmetýl)	0,02 (*) kornvörur

(*) Neðri greiningarmörk.“

3. gr.

Eftirfarandi línur bætist við í B-hluta II. viðauka við tilskipun 86/363/EBE:

Varnarefnaleif	Hámarksgildi (mg/kg)		
	Í kjöti, þ.m.t. fitu, unnum kjötvörum, innmat og dýrafitu sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0201, 0202, 0203, 0204, 0205 00 00, 0206, 0207, úr 0208, 0209 00, 0210, 1601 00 og 1602	Fyrir mjólk og mjólkurvörur sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0401, 0402, 0405 00, 0406	Í skurnlausum, nýjum eggjum, í fuglseggjum og eggjarauðu sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0407 00 og 0408
„Asefat	0,02 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)
Paraþíonmetýl (summan af paraþíonmetýl og para-oxon-metýl gefið upp sem paraþíonmetýl)	0,02 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)

(*) Neðri greiningarmörk.“

4. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE er hér með breytt sem hér segir:

- Hámarksgildi varnarefnaleifa, sem tilgreind eru í viðaukanum við þessa tilskipun, bætist við í II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE.
- Hámarksgildi varnarefnaleifa 2,4-D (summan af 2,4-D og estrum þess, gefið upp sem 2,4-D) á sítrusávöxtum breytist í „1 (p) mg/kg“.

5. gr.

Aðildarríkin skulu samþykka og birta nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. nóvember 2004 að undanskildu ákvæði 2. mgr. 4. gr. sem aðildarríkin skulu samþykka og birta eigi síðar en 31. mars 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. desember 2004 að undanskildu ákvæði 2. mgr. 4. gr. sem skal beitt frá og með 1. apríl 2004.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. desember 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um	Varnarefnaleif og hámarksgildi leifa (mg/kg)	
	Asefat	Paraþíonmetýl (summan af paraþíonmetýl og para-oxon-metýl gefið upp sem paraþíonmetýl)
1. Aldin, ný, þurrkuð eða ósoðin, rotvarin með frystingu án viðbættis sykurs; hnetur	0,02 (*)	0,02 (*)
i) SÍTRUSÁVEXTIR		
Greipaldin		
Sítrónur		
Súraldin (límónur)		
Mandarínur (þ.m.t. klementínur og aðrir blendingar)		
Appelsínur		
Pómelónur		
Annað		
ii) TRJÁHNETUR (í skurn eða skurnlausar)		
Möndlur		
Parahnetur		
Kasúhnetur		
Kastaníuhnetur		
Kókoshnetur		
Heslihnetur		
Goðahnetur (makadamíahnetur)		
Pekanhnetur		
Furuhnetur		
Pistasiuhnetur		
Valhnetur		
Annað		
iii) KJARNAÁVEXTIR		
Epli		
Perur		
Kveði		
Annað		
iv) STEINALDIN		
Apríkósur		
Kirsuber		
Ferskjur (þ.m.t. nektarínur og áþekkir blendingar)		
Plómur		
Annað		
v) BER OG ÖNNUR SMÁ ALDIN		
a) Vínber og þrúgur		
Vínber		
Þrúgur		
b) Jarðarber (önnur en villt)		

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um	Varnarefnaleif og hámarksgildi leifa (mg/kg)	
	Asefat	Paraþíonmetýl (summan af paraþíonmetýl og para-oxon-metýl gefið upp sem paraþíonmetýl)
c) Klungurber (önnur en villt) Brómber Daggarber (elgsber) Logaber Hindber Annað		
d) Önnur smá aldin og ber (önnur en villt) Aðalbláber Trönuber Rifsber (rauð og hvít) og sólber Garðaber Annað		
e) Villt ber og aldin		
vi) ÝMISLEGT Lárperur Bananar Döðlur Fikjur Kíví Dvergappelsínur Litkaaldin Mangó Ólífur Píslaraldin Ananas Granatepli Annað		
2. Grænmeti, ferskt eða ósoðið, fryst eða þurrkað	0,02 (*)	0,02 (*)
i) RÓTARÁVEXTIR OG HNÝÐI Rauðrófur Gulrætur Hnúðsilla Piparrót Ætíffill Nípur Steinseljurót Hreðkur Hafursrót Sætuhnúðar Gulrófur Næpur Kínakartöflur Annað		

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um	Varnarefnaleif og hámarksgildi leifa (mg/kg)	
	Asefat	Paraþíonmetýl (summan af paraþíonmetýl og para-oxon-metýl gefið upp sem paraþíonmetýl)
ii) LAUKAR		
Hvítlaukur		
Laukur		
Skalottlaukur		
Vorlaukur		
Annað		
iii) ALDINGRÆNMETI		
a) Náttskuggaætt		
Tómatar		
Paprikur		
Eggaldin		
Annað		
b) Graskersætt — með ætu hýði		
Gúrkur		
Smágúrkur		
Dvergbitar		
Annað		
c) Graskersætt — með óætu hýði		
Melónur		
Grasker		
Vatnsmelónur		
Annað		
d) Sykurmaís		
iv) KÁL		
a) Blómstrandi kál		
Spergilkál		
Blómkál		
Annað		
b) Kálhöfuð		
Rósakál		
Höfuðkál		
Annað		
c) Blaðkál		
Kínakál		
Grænkál		
Annað		
d) Hnúðkál		
v) BLAÐGRÆNMETI OG FERSKAR KRYDD-JURTIR		
a) Salat og áþekkt grænmeti		
Karsi		
Lambasalat		
Salat		
Vetrarsalat		
Annað		

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um	Varnarefnaleif og hámarksgildi leifa (mg/kg)	
	Asefat	Paraþíonmetýl (summan af paraþíonmetýl og para-oxon-metýl gefið upp sem paraþíonmetýl)
b) Spínat og áþekkt grænmeti Spínat Strandblaðka Annað		
c) Brunnerperla		
d) Jólasalat		
e) Kryddjurtir Kerfill Graslaukur Steinselja Bláðsellerí Annað		
vi) BELGÁVEXTIR (ferskir) Baunir (með fræbelg) Baunir (án fræbelgs) Ertur (með fræbelg) Ertur (án fræbelgs) Annað		
vii) STÖNGULGRÆNMETI (ferskt) Spergill Salatþistill Sellerí Fennika Ætiþistill Bláðlaukur Rabarbari Annað		
viii) SVEPPIR a) Ræktaðir ætisveppir b) Villtir ætisveppir		
3. BELGÁVEXTIR Baunir Linsubaunir Ertur Annað	0,02 (*)	0,2 0,02 (*)
4. OLÍUFRÆ Hörfræ Jarðhnetur Valmúufræ Sesamfræ Sólblómafræ Repjufræ Sojabaunir Mustarðskorn Baðmullarfræ Annað	0,05 (*)	0,05 (*)

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um	Varnarefnaleif og hámarksgildi leifa (mg/kg)	
	Asefat	Paraþíonmetýl (summan af paraþíonmetýl og para-oxon-metýl gefið upp sem paraþíonmetýl)
5. KARTÖFLUR Sumarkartöflur Kartöflur af haustuppskeru	0,02 (*)	0,02 (*)
6. TE (þurrkuð lauf og stilkir, einnig gerjað, úr laufi <i>Camellia sinensis</i>)	0,05 (*)	0,05 (*)
7. HUMLAR (þurrkaðir), þ.m.t. humlaköggjar og óþykkt duft	0,05 (*)	0,05 (*)

(*) Neðri greiningarmörk.